Nr. 20
18. maí

# Lög

um

## löggilding verslunarstaða í Valþjófsdal í Mosvallahreppi og á Lambeyri við Tálknafjörð.

**Vjer Christian hinn Tíundi,** af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Valþjófsdal, vestan megin Önundarfjarðar, og á Lambeyri við Tálknafjörð skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 18. maí 1920

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Pjetur Jónsson.*